



Skipulags og matslýsing


66 kV jarðstrengur frá Húsavík að Höfuðreiðarmúla

Breyting á Aðalskipulagi Norðurlands 2010-2030


22. maí 2013

Staðsetning breytingar á aðalskipulagi:

Breytingin nær til svæðis sem liggur meðfram Reykjaheiðarvegi frá frá Húsavík að Höfuðreiðarmúla sem hér er sýnt á sveitarfélagsuppdrætti Aðalskipulags Norðurlands 2010-2030. Fyrirhuguð strengleið er sýnd með áberandi ljósbláum lit (sjá mynd 1). Hluti strengleiðarinnar fer inn á þéttbýlisuppdrátt Aðalskipulags Norðurlands 2010-2030 fyrir Húsavík sem hér er sýndur. Þar má sjá hvar strengurinn liggur með Reykjaheiðarvegi og að tengivirki á Húsavík (sjá mynd 2).



Mynd 1. Strengleið á sveitarfélagsuppdrætti Aðalskipulags Norðurlands.



Mynd 2. Þéttbýlisuppdráttur fyrir Húsavík, breytingin gerir ráð fyrir að jarðstrengur með Reykjaheiðarvegi og að tengivirki í útjaðri bæjarins.

Aðdragandi og tilgangur skipulagsgerðar

Landsnet áformar að leggja 66 kV jarðstreng frá Kópaskerslínu við Höfuðreiðarmúla að Húsavík. Jarðstrengsins er ekki getið í Aðalskipulagi Norðurlands 2010-2030 en það tekur til raflína og jarðstrengja með 66 kV spennu eða meiri og er því skylt að gera grein fyrir legu jarðstrengsins í aðalskipulagsgreinargerð og á skipulagsuppdrætti.

Framkvæmdin er seinni áfangi lagningar jarðstrengs í og með virkjunarvegi milli Húsavíkur og Þeistareykja, en í fyrri áfanga framkvæmdarinnar verður jarðstrengur lagður frá Höfuðreiðarmúla að Þeistareykjum. Sá hluti strengleiðar fyrri áfanga framkvæmdarinnar sem liggur innan Norðurlands var settur inn í Aðalskipulag Norðurlands 2010-2013 með breytingu sem staðfest var 27.06.2012.

Tilgangur strenglagningarinnar er að auka afhendingaröryggi á raforku til Húsavíkur.

Viðfangsefni og markmið

Meginviðfangsefni aðalskipulagsbreytingarinnar er að afmarka um 20 km jarðstrengjaleið frá Kópaskerslínu 1 við Höfuðreiðarmúla að tengivirki á Húsavík. Strengleiðin liggur með Reykjaheiðarvegi en fyrirhugað er að endurbæta hann og er hluta af þeim endurbótum lokið. Verði strengurinn lagður á sama tíma og endurbætur standa yfir verður hann lagður í veginn en verði strengurinn lagður eftir þarf að leggja hann í vegöxl. Fyrirhugaður vegur fellur að mestu leyti saman við núverandi Reykjaheiðarveg.

Lagning strengs í veg eða í vegöxl Reykjaheiðarvegur dregur úr áhrifum strenglagningarinnar á umhverfið og er ekki líkleg til að valda meira raski á umhverfi umfram það sem verður vegna framkvæmda við endurbætur á veginum.

Umhverfi og staðhættir

Vegstæðið, þar sem áformað er að leggja jarðstrenginn, fylgir að mestu núverandi Reykjaheiðarvegi fyrstu 10 km frá Húsavík að Höskuldsvatni. Þaðan fylgir hann áfram núverandi vegslóða áfram austur að Höfuðreiðarmúla.

Vegstæði Reykjaheiðarvegur er að mestu á gróðurlausum melum fyrir utan brekkurnar ofan Húsavíkur sem eru með allþéttum lúpínubreiðum og móa. Að auki hafa þar víða verið gróðursettar skógarplöntur. Frá Höskuldsvatni er vegstæðið á gömlu helluhrauni sem er víðast slétt og lítt gróið með smáhellum, sprungum og gjám sem vegurinn sneiðir hjá þar sem hann liggur um hraunið suður með Höfuðreiðarmúla.

Helstu forsendur í gildandi aðalskipulagi

Reykjaheiðarvegur, sem fyrirhugað er að nýta sem línustæði, er tilgreindur í Aðalskipulagi Norðurlands 2010-2030 (sbr. bls. 53 í kafla 23.12.2 Vegakerfi). Samkvæmt aðalskipulaginu er heimilt að leggja hitaveituæð meðfram veginum, sbr. bls. 58 í kafla 23.22.2, en hins vegar er ekki tekið fram að heimilt sé að leggja jarðstreng í veginn eða meðfram honum. Samkvæmt aðalskipulaginu skal leitast við að samþætta veitumannvirki (t.d. vegi, línur og lagnir) til að halda umfangi neikvæðra umhverfisáhrifa í lágmarki og takmarka þau við þegar ákveðnar og fáar leiðir (sbr. bls. 32 í kafla 12.1 Uppbygging þjónustukerfa).

Frá Höfuðreiðarmúla liggur Reykjaheiðarvegur um fjarsvæði vatnsverndar innan sveitarfélagsins Norðurlands. Þegar komið er norður undir Höskuldsvatn liggur vegurinn með línustæðinu um grannsvæði vatnsverndar og þaðan alla leið til Húsavíkur.

Tengsl við aðrar áætlanir

Skipulagsverkefnið er ekki talið varða aðrar áætlanir. Gildandi svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025 (staðfest 16.1.2008) tekur ekki til jarðstrengsins, heldur markar einungis stefnu um flutningslínur með spennu 145 til 245 kV.

Skipulags og matslýsing fyrir aðalskipulagstillögu verður kynnt í samræmi við ákvæði skipulagslaga og laga um umhverfismat áætlanana og óskað eftir athugasemdum við hana. Aðalskipulagstillagan verður auglýst skv. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Umhverfismat

Fyrirhugaður jarðstrengur er yfir 10 km og fellur þar með undir framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif sbr. 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Landsnet hefur tilkynnt framkvæmdina til Skipulagsstofnunar sbr. 2. mgr. 6. gr. framangreindra laga og hefur stofnunin birt álit sitt dags. 13. apríl 2012 um að framkvæmdin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum framkvæmda, þar sem hún er ekki talin líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Þá niðurstöðu byggir stofnunin á áður fyrirbyggjandi áliti stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum allt að 200 MW jarðhitavirkjunar á Þeistareykjum en í því áliti var fjallað um lagningu/endurbýggingu Reykjaheiðarvegar sem fyrirhugaður 66 kV jarðstrengur á að liggja í. Stofnunin komst að þeirri niðurstöðu að áhrif af lagningu strengsins, umfram þau áhrif sem veglagningin muni hafa, komi til með að vera óveruleg.

Breytingin er háð lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, þar sem áætlunin felur í sér framkvæmd sem er háð lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum sem er forsenda fyrir umhverfismati áætlana. Breytingin mun því innifela umhverfisskýrslu sem gerir grein fyrir mati á áhrifum tillögunnar. Lagt verður mat á eftirtalda umhverfisþætti sem áður voru til umfjöllunar í umhverfismati aðalskipulags Norðurlands: samfélag, land, loft, vatn, vistkerfi, minjar og landslag, byggðarmynstur og lýðheilsa. Þar var stefna aðalskipulagsins um rafveitur í heild talin geta haft almennt jákvæð áhrif á samfélag og lýðheilsu, hlutlaus áhrif á land, loft, vistkerfi, minjar og landslag en áhrif á vatn og byggðarmynstur væri óviss eða háð útfærslu. Ekki er búist við að þessi aðalskipulagsbreyting breyti þeirri niðurstöðu.

Skipulagsferlið

Eftirfarandi eru drög að ferli verkefnisins. Reikna má með að ferlið taki 4-6 mánuði frá því að skipulags- og matslýsing er send Skipulagsstofnun.

A. KYNNING LÝSINGAR

Skipulagslýsing send Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum til umsagnar. Umsagnarfrestur er 2 vikur. Lýsingin er samtímis auglýst á vef Norðurlands þar sem hún verður aðgengileg í 2 vikur. Ábendingar og athugasemdir skulu berast innan þess frests. Skipulags- og bygginganefnd mun hafa hliðsjón af ábendingum og umsögnum sem henni berast en þeim verður ekki svarað með formlegum hætti.

B. KYNNING AÐALSKIPULAGSTILLÖGU

Tillagan, sem verður til sýnis á skrifstofu Norðurlands á Kópaskeri, Raufarhöfn og Húsavík, verður auglýst með áberandi hætti og send umsagnaraðilum til umsagnar og óskað eftir umsögn innan 2 vikna.

C. ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR

Tillaga að breytingu ásamt tillögu að viðbrögðum við umsögnum er afgreidd í skipulags- og bygginganefnd og sveitarstjórn og síðan send Skipulagsstofnun til athugunar sem hefur 4 vikur til umsagnar.

Ef Skipulagsstofnun gerir athugasemdir er tillagan tekin fyrir að nýju í skipulagsnefnd og sveitarstjórn og hún lagfærð eftir því sem tilefni er til.

D. AUGLÝSING TILLÖGU

Tillagan er auglýst í Lögbirtingablaði, á netinu og með öðrum áberandi hætti. Kynningartími og athugasemdafrestur er að lágmarki 6 vikur frá upphafi kynningar.

E. AFGREIÐSLA TILLÖGU

Að afloknum athugasemdafresti er tillagan tekin til umfjöllunar í skipulags- og bygginganefnd og síðan sveitarstjórn. Afstaða er tekin til athugasemda og hugsanlegra breytinga. Umsögn um athugasemdir er send sem þeim sem þær gerðu. Niðurstaða sveitarstjórnar er auglýst.

Samþykkt tillaga er send Skipulagsstofnun innan 12 vikna frá lokum athugasemdafrests.

Skipulagsstofnun staðfestir tillögu innan 4 vikna frá því að tillagan berst og birtir staðfestingu í B-deild Stjórnartíðinda.